

14. Stjórnarfundur Arnardrangs hses

24.06.2024

Staðsetning: Fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:33.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Anton Kári Halldórsson og Ása Valdís Árnadóttir.
Frá Bergrisanum mættu Íris Ellertsdóttir og Bjarki R. Kristjánsson.

1. Ársreikningur 2023

Skrifstofustjóri kynnti drög að ársreikningi 2023.

Stjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða og er skrifstofustjóra falið að senda hann út til rafrænnar undirritunar.

2. Brautir í loft í Nauthaga

Verkefnastjóri og skrifstofustjóri fóru yfir kostnað við að koma brautum í loft í einni íbúð í Nauthaga 2. Lagt er til að starfsfólk Bergrisans fái heimild til að taka hagstæðasta tilboði.

Stjórn samþykkir og felur starfsfólki Bergrisans að klára málið.

3. Uppbygging búsetuúrræðis á Hvolsvelli

Sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur samþykkt uppbyggingu á nýju búsetuúrræði í sveitarfélaginu. Jafnframt var samþykkt hjá sveitarstjórn að veita stofnframlag til verkefnsins þegar áætlaður byggingarkostnaður liggur fyrir.

Stjórn fagnar uppbyggingaráformunum og felur starfsfólki Bergrisans að hefja undirbúning að verkefninu.

4. Veiting prókúru

Lagt er fyrir stjórn að samþykkja að Bragi Bjarnason, kt. 250481-5359, verði prókúruhafi félagsins ásamt skrifstofustjóra. Jafnframt er lagt til að prókúruumboð Fjólu Steindóru Kristinsdóttur verði afturkallað.

Stjórn samþykkir.

5. Samstarf við önnur íbúðafélög

Skrifstofustjóri fór yfir möguleika á samstarfi við önnur íbúðafélög. Lagt er til að kanna samstarfsgrundvöll við Brák íbúðafélag með það í huga að Brák taki yfir verkefni Arnardrangs, bæði núverandi og til framtíðar.

Stjórn samþykkir að vísa málinu áfram til eigendafundar og felur skrifstofustjóra að boða til fundar í lok sumars.

6. Önnur mál

Starfsfólk Bergrisans upplýsti um ýmis mál.

- Allir íbúar hafa fengið afhent í Nauthaga 2.
- Kostnaður við Nauthaga mun enda í rétt rúmlega 300 mkr með verðbótum. Lokafrágangur utanhúss er í gangi og í kjölfarið verður tekið saman lokauppgjör á framkvæmdinni.

Fundi slitið klukkan 14:29

Undirritunarsíða

Anton Kári Halldórsson

Ása Valdís Árnadóttir

Bragi Bjarnason